

Fimmtudaginn 12. janúar 1978.

Nr. 29/1977. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Guðmundi Kristjáni Kristjónssyni
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einars-son og Þór Vilhjálms-son.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Jónas Sigurðsson, skóla- stjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir áhafnar gæsluflugvélarinnar TF-SÝR yfir bátnum. Þá hefur skólastjórinn og markað á sjóuppdrátt staðarákvarðun ákærða samkvæmt loran A mælingu klukk- an 1315 þriðjudaginn 13. júlí 1976. Í greinargerð skólastjór- ans, dagsettri 27. júní 1977, segir svo:

„Samkvæmt beiðni yðar, herra ríkissaksóknari, hef ég sett út í meðfylgjandi sjókort nr. 31 staðarákvarðanir gæsluflug- vélarinnar TF-SÝR yfir m/s Lárusi Sveinssyni SH-126 eins og um getur í hæstaréttarmálinu: Ákærvaldið gegn Guð- mundi Kristjáni Kristjónssyni, skipstjóra á m/s Lárusi Sveinssyni.

Í kortið hef ég dregið 4 sjóm. fiskveiðimörkin fyrir svæðið frá Reykjanesi að Skálasnaga miðað við viðmiðunarlínu sam- kvæmt lögum nr. 81/1976. Ennfremur mörkin á bannsvæði fyrir togveiðar samkvæmt reglugerð nr. 255/1976. Hvort- tveggja dregið með rauðum lit.

Í kortinu eru:

I = staður bátsins kl. 1314 h. 13.07.76 samkvæmt mælingu flugvélarinnar. Staður **I** mælist um 3,0 sjóm. innan fiskveiði- markanna fyrir togveiðar.

II = staður bátsins kl. 1317 um 3,3 sjóm. innan fiskveiði- markanna.

III = staður bátsins kl. 1320 um 3,3 sjóm. innan fiskveiðimarkanna.

Staðir **II** og **III** falla saman, enda í sama miði og sömu fjarlægð frá Garðskaga.

Þess skal getið, að ég hef sett út miðið Keilir ≠ Gerðahólma, en Gerðhólma kannast ég ekki við á þessum slóðum.

Þá hef ég sett út í sjókort nr. 26, Loran A kort, staðar-ákvörðun skipstjórans á Lárusi Sveinssyni SH-126 samkvæmt Loran A mælingu kl. 1315, staður **X** auðkenndur með rauðum lit, og fært þann stað í sjókort nr. 31. Staður **X** mælist um 0,1 sjóm. utan bannsvæðismarkanna samkvæmt reglugerð nr. 255/1976, en um 0,3 sjóm. innan 4 sjóm. fiskveiðimarkanna.“

Samkvæmt gögnum máls, mælingum og framburði áhafnar gæsflugvélarinnar TF-Sýr svo og álitsgerð Jónasar Sigurðssonar, skólastjóra er sannað, að ákærði hafi verið að ólöglegum botnvörpuveiðum á greindum báti, v/s Lárusi Sveinssyni, SH 126, á þeim stað og tíma, sem í máli þessu getur. Varðar brot þetta við 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. E3 laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 255 2. júlí 1976 um takmörkun á togveiðum fyrir Suðvesturlandi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt fram vottorð Seðlabanka Íslands, dags. 11. þ. m. Segir þar: „Samkvæmt gullgildi í dag jafngilda 100 gullkrónur 11.680.86 — ellefuþúsundsex hundruðáttatiukrónum 86/100-“.

Við mat á refsingu ákærða verður á því byggt, að mesta lengd v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, sé 39.00 metrar, sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/1976, sbr. einnig 108. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Hefur ríkissaksóknari og lýst yfir því hér fyrir dómi, að um refsíákvörðun í máli þessu eigi að fara eftir 1. tl. 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976. Samkvæmt ákvæði þessu og 2. mgr. 17. gr. laga þessara svo og með hliðsjón af því, að um ítrekun brots er að ræða, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 1.700.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi fangelsi 3 mánuði í stað sektar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærða, sviptingu skipstjórnarréttinda hans, upptöku afla og veiðarfæra v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 75.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Guðmundur Kristján Kristjónsson, greiði 1.700.000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi fangelsi 3 mánuði í stað sektarinnar, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærða, sviptingu skipstjórnarréttinda hans, upptöku afla og veiðarfæra v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 75.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, 75.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 16. júlí 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru, útgefni af vararíkissaksóknara þann 14. júlí 1976, höfðað gegn Guðmundi Kristjáni Kristjónssyni, Sandholti 9, Ólafsvík, fæddum 11. ágúst 1933 að Ytri-Bug, Fróðárhreppi, skipstjóra á vélskipinu Lárusi Sveinssyni, SH 126, fyrir fiskveiðibrot laust eftir hádegi þriðjudaginn 13. júlí 1976 með því að vera á botnvörpuveiðum á skipinu út af Garðskaga á svæði innan landhelginnar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar samkvæmt 2. mgr. 2. gr., sbr. 3. gr. E3 laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 255 2. júlí 1976 um takmörkun á togveiðum fyrir Suðvestur-

landi, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 299/1975 um fiskveiðilandhelgi Íslands.

Kröfur ákærvaldsins eru þær, að ákærði verði dæmdur til refsingar skv. 2. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 20. gr. laga nr. 81/1976, til að sæta upptöku aflans og veiðarfæra skipsins skv. 3. mgr. 17. gr. nefndra laga nr. 81/1976, til sviptingar skipstjórnarréttinda skv. 2. mgr. 20. gr. sömu laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu ákærða eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og dæmdur málskostnaður úr ríkissjóði eftir mati dómsins. Til vara, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar samkvæmt 17. gr. laga nr. 81/1976. Þá er þess krafist af hálfu ákærða, að kröfu ákærvaldsins um upptöku veiðarfæra og afla verði vísað frá dómi.

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærnum og refsingum sem hér greinir:

1961 30/11 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1967 6/5 í Snæfellsnes og Hnapp: Sátt, 600 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga og 51., 65. gr. umferðarlaga.

1971 17/7 í Snæfellsnes og Hnapp: Dómur: 45.000 kr. sekt fyrir fiskveiðibrot. Afli og veiðarfæri m/b Lárusar Sveinssonar, SH 126, gerð upptæk.

1971 12/11 í Snæfellsnes og Hnapp: Dómur: Varðhald í 2 mánuði, kr. 60.000 sekt fyrir brot á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 62/1967, sbr. lög nr. 21/1969, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 3/1961. Afli og veiðarfæri v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, gerð upptæk.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 13. júlí 1976 voru starfsmenn Landhelgisgæslunnar á eftirlitsflugi undan Garðskaga í flugvélinni TF-SÝR. Í skýrslu Sigurjóns Hannessonar skipherra um gæsluflugið segir:

„Til: Sýslumannsins í Stykkishólmi

Frá: Skipherra TF-SÝR

Efni: Ólöglegar togveiðar

Þriðjudaginn 13. júlí 1976 var m/b Lárus Sveinsson, SH-126, staðinn að ólöglegum togveiðum út af Garðskaga. Nánari atvik voru sem hér segir:

Þriðjudaginn 13. júlí 1976 var gæsluflugvél TF-SÝR í eftirlitsflugi undan Garðskaga.

Kl. 1314 var komið að SH-126, þar sem hann var með veiðarfærin í sjó, og var þá gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bát-

um: Keilir ~~Gerðhólma~~ fjarlægð í Garðskaga 9.3 sml., sem gefur stað bátsins um 2.9 sml. innan leyfðra marka.

Kl. 1317 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, þar sem hann var að hífa inn veiðarfærin: Keilir ~~Gerðhólma~~ fjarlægð í Garðskaga 9.0 sml., sem gefur stað bátsins um 3.2 sml. innan leyfðra marka.

Kl. 1320 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun yfir bátnum, sem var enn að hífa: Keilir ~~Gerðhólma~~ fjarlægð í Garðskaga 9.0 sml., sem gefur stað bátsins um 3.2 sml. innan leyfðra marka.

Kl. 1332 voru hlerar komnir í gálga.

Kl. 1340 sást, að skipverjar voru að vinna við afturhlera, og virtust veiðarfærin vera í ólagi.

Kl. 1350 voru fjarlægðarhringir radarsins athugaðir og reyndust réttir.

Kl. 1332 var haft samband við skipstjóra bátsins og honum tilkynnt, að hann væri staðinn að ólöglegum veiðum, og sagt að halda til hafnar.

Kl. 1400 til kl. 1413 var flogið fjórum sinnum yfir bátinn og sást, að skipverjar unnu við að innbyrða veiðarfærin, en virtust eiga í erfiðleikum með það.

Kl. 1413 var báturinn yfirgefinn, og höfðu skipverjar þá eigi lokið við að innbyrða veiðarfærin.

Radarfjarlægðir voru mældar af Ásgrími Ásgeirssyni, stýrimanni, og Leif Bryde, loftskyeitamanni, en aðrar staðsetningar voru framkvæmdar af skipherra og flugmönnum.

Veður: Hægviðri, skýjað.“

Með skýrslu þessari fylgdi úrklippa úr sjókorti nr. 31, þar sem staður bátsins er markaður samkvæmt mælingum þeim, sem fram koma í skýrslunni.

Sigurjón Hannesson skipherra staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Hann segir, að mælingarnar hafi verið framkvæmdar þannig, að hann og flugmennirnir hafi gefið stýrimanni og loftskyeitamanni merki, þegar flugvélin var yfir bátnum, og þeir síðan lesið jafnskjótt af radarskífu flugvélarinnar fjarlægð í Garðskaga. Hann segir, að mælingarnar hafi verið framkvæmdar á venjulegan hátt. Könnun á því, hvort radar flugvélarinnar var réttur, segir skipherrann, að hafi verið framkvæmd þannig, að tekin hafi verið fjarlægð frá ljósdufli nr. 9 á Faxaflóa og upp í Gróttu, og hafi mælingunni borið saman við mælda fjarlægð í korti. Þá segir skipherrann, að Ásgrímur Ásgeirsson stýrimaður hafi sett mæl-

ingarnar út í sjókortið, en hann kveðst hafa yfirfarið þær og telur þær réttar.

Ásgrímur Ásgeirsson stýrimaður hefur fyrir dómi staðfest, að skýrsla skipherrans sé rétt. Hann staðfestir einnig að hafa framkvæmt radarmælingarnar, eins og segir í skýrslu skipherra og framburði hans fyrir dómi. Hann kveðst einnig hafa sett mælingarnar út í sjókortið og hafi skipherrann yfirfarið útsetninguna og staðfest hana rétta. Framkvæmd mælinganna lýsir stýrimaðurinn á sama hátt og skipherrann.

Leif Kortson Bryde loftskeytamaður hefur í dómi staðfest að hafa lesið af radarnum ásamt Ásgrími Ásgeirssyni, stýrimanni, þegar mæld var fjarlægð v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, frá Garðskaga. Hann segir, að „ekkó“ hafi verið gott og skýrt og enginn vafi á fjarlægðum. Framkvæmd mælinga lýsir hann á sama hátt og skipherrann. Enn fremur kveðst loftskeytamaðurinn hafa séð, að skipið var með veiðarfæri í sjó.

Tómas Helgason flugmaður var aðstoðarflugmaður í TF-SÝR umrætt sinn. Hann kveðst hafa fylgst með stefnunni, þegar flogið var yfir skipið og mið tekið, en það var: Keilir ~~Gerð~~hólma. Einnig gaf hann stýrimanninum upp stefnuna skv. áttavita. Þá segir hann, að skyggni hafi verið ágætt í fyrstu þrjú skiptin, sem flogið var yfir skipið, en síðan versnaði það, er skúr gekk yfir. Þó sást alltaf vel í Garðskaga.

Öll framangreind vitni unnu eið að framburðum sínum.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið að kasta vörpunni, þegar flugvélin kom að honum. Hann taldi sig örugglega fyrir utan friðaða svæðið og fjögurra mílna mörkin og segist hafa verið í horninu, þar sem línur friðaða svæðisins og fjögurra mílna markanna skerast. Hann kveðst hafa hætt við að kasta, þegar flugvélin kom, og híft vörpuna aftur inn, þar sem hann vildi vera alveg viss um að vera utan markanna. Hann kveðst hafa gert mælingar sínar á A-loran og verið viss um, að hann væri fyrir utan mörkin. Það hafi líka sést á dýpinu, sem hafi verið 58—60 faðmar í toginu á undan, þegar hann togaði í austur, og hann kveðst ekki hafa verið kominn upp á 50 faðma kantinu, þegar hann hífði. Hann var ekki búinn að kveikja á dýptarmælinum aftur, þegar flugvélin kom, að því er hann heldur. Hann kveðst hafa gert loranmælingarnar margoft og alltaf fengið það sama út, sem samkvæmt útdrætti úr dagbók skipsins gaf stað eftir tölum 5585 og 1724-26. Hann var búinn að láta reka í tvo tíma,

áður en hann lét vörpuna útbyrðis. Hann segir, að þarna hafi verið mikið suðausturfall upp að Garðskaga og vegna þess hafi hann einmitt gætt þess sérstaklega að vera vel fyrir utan mörkin, enda hafi hann alls ekki ætlað sér að veiða í landhelgi. Hann hélt því staðfastlega fram, að mælingar sínar hafi verið réttar, og vefengir mælingar Landhelgisgæslunnar, enda hafi hann notað þetta lorantæki lengi og það ávallt gefið sér réttar mælingar. Ákærði kvaðst ekki vita til þess, að neinn skipverja sinna hafi gert mælingar á lorantæki skipsins til staðfestingar mælingum sínum.

Guðmundur Sveinsson, vélstjóri á v/s Lárusi Sveinssyni, SH 126, kom fyrir dóm. Hann kveðst hafa verið í vélarrúmi, þegar gæsluflugvélin kom að þeim. Honum fannst eitthvað óeðlilegt við skipið og fór upp. Þegar hann kom upp í brú, var skipstjórinn þar fyrir, og var hann með lorantækið í gangi og að athuga stað skipsins. Vélstjórinn kveðst hafa séð tölurnar á tækinu, og voru þær 5584 eða 5585 og 1725 eða 1726, að því er hann minnir. Hann segir, að engin orðaskipti hafi átt sér stað milli sín og skipstjórans, en skipstjórinn sagði eitthvað á þá leið, að þeir væru að segja, að við værum í landhelgi, og átti hann þá við gæsluflugvélin.

Vélstjórinn kvaðst eiga ca 1/4 hluta í Lóndröngum h/f, sem er eigandi v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126.

Við rannsókn málsins kom fram vafi á því, hver væri mesta lengd v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126. Voru því fengnir menn frá Siglingamálastofnun ríkisins til þess að gera mælingu á því, hver væri mesta lengd skipsins samkvæmt skilgreiningu Siglingamálastofnunarinnar. Niðurstaða þeirra mælinga varð sú, að mesta lengd skipsins væri 39.00 metrar. Mælingarnar voru framkvæmdar af Jóni H. Wíum skipamælingamanni og Frimanni Sturlusyni skipatæknifræðingi, og staðfestu þeir mælingar sínar fyrir dómi.

Verjandi ákærða fékk Baldur Erlendsson, tæknifulltrúa við Lóranstöðina á Gufuskálum, til þess að athuga lórantæki v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126. Athugun hans leiddi til þess, að hann taldi lórantæki skipsins í góðu lagi, og staðfesti hann það í dómnum.

Sama kvöldið og v/s Lárus Sveinsson kom til hafnar í Ólafsvík var afli og veiðarfæri skipsins metið til peningaverðs af tveimur tilkvöddum mönnum. Mat á afla, sem var ca 800 kg af blönduðum fiski (ýsu, þorski, karfa og ufsa) var kr. 40.000 og mat á veiðarfærum kr. 350.000.

Þegar framangreind atriði eru virt, verður að teljast sannað

þrátt fyrir mótmæli ákærða og þrátt fyrir framburð Guðmundar Sveinsson vélstjóra, sem hefur mikilla hagsmuna að gæta í sambandi við útgerð v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, en einnig með tilliti til framburðar ákærða um mikið suðausturfall upp að Garðskaga, að ákærði hafi verið á botnvörpuveiðum umrætt sinn á svæði innan landhelginnar, þar sem botnvörpuveiðar eru bannaðar, svo sem í ákæru greinir, og hefur hann unnið til refsingar og annarra viðurlaga samkvæmt þar greindum lagaákvæðum, þó svo, að með tilvísun til 118. gr. laga nr. 74/1974 þykir heimilt að færa kröfu um refsingu samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976 undir ákvæði 1. töluliðs sömu greinar.

Refsing ákærða samkvæmt framansögðu þykir með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, og með hliðsjón af mestu lengd v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, sem eftir nýjum staðfestum mælingum er 39.00 metrar, eign Lóndranga h/f, og núverandi gullgengi íslenskrar krónu, þar sem 100 gullkrónur jafngilda kr. 10.082.50, hæfilega ákveðin 1.000.000 króna sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands og fangelsi í 3 mánuði, og komi varðhald í fjóra mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Svipta skal ákærða rétti til skipstjórnar í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Benedikts Blöndals hæstaréttarlögmanns, kr. 80.000.

Dóminn kvað upp Jón S. Magnússon fulltrúi ásamt meðdómsmönnum Péttri Ágústssyni og Sigurði A. Hreiðarssyni skipstjórum.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Kristján Kristjónsson, sæti fangelsi í þrjú mánuði.

Ákærði greiði kr. 1.000.000 í sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald í 4 mánuði í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Afli og veiðarfæri v/s Lárusar Sveinssonar, SH 126, skulu upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur rétti til skip-

stjórnar í 3 mánuði, og frestar áfrýjun ekki framkvæmd dóms að þessu leyti.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun skipaðs verjanda síns, Benedikts Blöndals hæstaréttar-
lögmanns, kr. 80.000.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. janúar 1978.

Nr. 173/1975. **Á. Hansen og Co.**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Póst- og símamálastofnuninni

og gagnsök.

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Sáttaumleitun. Ömerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-
son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ.
Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með
stefnu 5. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. nóvem-
ber s. á. Kröfur hans hér fyrir dómi eru þær, að gagnáfrýj-
andi verði dæmdur til að greiða honum jafnvirði 100.000
bandaríkjadala með 13% ársvöxtum frá 8. mars 1974 til 15.
júli s. á., en 16% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.
Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 22. desember
1975. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda,
en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Hann krefst og máls-
kostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, enda verði málskostn-
aður í héraði ákveðinn hærri en gert var í héraðsdómi.

Mál þetta var höfðað í héraði með stefnu, útgefinni 22.